

STJÓRNARTÍÐINDI B 48 – 2001

Nr. 364

924

15. maí 2001

GJALDSKRÁ

fyrir einangrunarstöð gæludýra í Hrísey.

1. gr.

Daggjöld fyrir vistun dýra við einangrunarstöð gæludýra í Hrísey verða sem hér segir:

Kettir	kr.	900
Hundar að 20 kg þyngd	kr.	1.000
Hundar 20 kg og yfir að þyngd	kr.	1.400

2. gr.

Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 7. gr. laga nr. 54/1990 um innflutning dýra ásamt síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi gjaldskrá fyrir einangrunarstöð gæludýra í Hrísey nr. 3/2000.

Landbúnaðarráðuneytinu, 15. maí 2001.

Guðni Ágústsson.

Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.

Nr. 365

9. maí 2001

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um starfsemi leikskóla nr. 225/1995.

1. gr.

2. gr. orðast svo:

Húsnæði leikskóla skal miðað við 6,5 m² brúttó fyrir hvert barn samtímis í leikskóla utan þess tíma sem hópar skarast, þar af verði nettó leik- og kennslurými a.m.k. 3,0 m² fyrir hvert barn.

2. gr.

1. mgr. 5. gr. orðast þannig:

Við hönnun nýrra útileiksvæða og þar sem því verður við komið við eldri leikskóla skal

miðað við a.m.k. 30-40 m² fyrir hvert barn. Útileiksvæði skal þó aldrei vera minna en 20 m² fyrir hvert barn. Heimilt er að miða við færri lóðarfermetra en 20 í leikskólum sem starfræktir eru í eldri hverfum og/eða ef aldurssamsetning barna í viðkomandi skóla gefur tilefni til slíks.

3. gr.

2. mgr. 7. gr. breytist þannig:

Í stað orðanna „5 ára barn reiknast sem 1,0 barngildi“ komi: 5 ára barn reiknast sem 0,8 barngildi.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytinu, 9. maí 2001.

Björn Bjarnason.

Guðríður Sigurðardóttir.